



Til bæjarráðs

Kópavogi, 18. ágúst 2025
25031723/103.03 ABS

Tillaga: Hækkun systkinaafsláttar fyrir annað barn.

Lagt er til að systkinaafsláttur af dvalargjaldi fyrir annað barn í leikskólum, hjá dagforeldrum og annarri gjaldskyldri dagvistun í Kópavogi hækki úr 30% í 50% frá og með 1. september 2025.

Afsláttur fyrir þriðja barn eða fleiri verður áfram 100% af dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjöldum og aðrar reglur um afslætti haldast óbreyttar.

Hækkuninni er ætlað að koma til móts við ábendingar foreldra um aukinn fjárhagslegan stuðning við fjölskyldur með tvö börn eða fleiri í dagvistun.

Gert er ráð fyrir að framangreind hækkun á afslætti frá 1. september nk. leiði til lægri tekna af leikskólagjöldum sem nema um 16 m.kr. á ári, eða tæplega 6 m.kr. á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að áætluð tekjulækkun rúmist innan fjárhagsáætlunar leikskóladeildar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

